

Nd. **126. Frumvarp til laga** [123. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972.

Flm.: Karvel Pálmason, Pétur Sigurðsson, Árni Gunnarsson,
Ólafur P. Þórðarson, Eggert Haukdal, Halldór Blöndal.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur þegar hann tekur orlof.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir. Þó skal tryggt í slíku samkomulagi að sá aðili, sem tekur að sér innheimtu og ávöxtun fjárins, beri sömu ábyrgð og Póstgíróstofan.

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Greinargerð.

Frv. efnislega samhljóða þessu hefur þrívægis áður verið flutt, en ekki fengið afgreiðslu. Tilgangur með frumvarpi þessu er að tryggja verkalýðsfélögum og vinnuveitendum rétt til þess að semja um þá framkvæmd á greiðslu orlofsfjár sem þessir aðilar telja heppilegasta. Þó

að umskipti til hins betra hafi orðið í orlofsmálum launþega með orlofslögum frá 1971, með greiðslum inn í girókerfið, er augljóst að enn má verulega bæta í þessu efni. Ýmis verkalýðsfélög hafa samið við viðsemjendur sína um annað og hagstæðara fyrirkomulag en löggin gera ráð fyrir og enn fleiri hafa áhuga á að gera slíka samninga, sem fyrst og fremst beinast að því, að orlofsféð verði greitt inn á bankabækur í heimabyggð þar sem hver einstakur launamaður hefði betri eftirlitsaðstöðu og nyti hærri vaxta en fengist hafa í girókerfinu, jafnframt því sem fjármagnnið ávaxtaðist á þeim stað sem það fellur til.

Segja má, að auk þeirra hagsbóta, sem orlofsþegi nyti með breytingu í þá átt sem hér er lagt til, sé hér á ferðinni einn þáttur þeirrar byggðastefnu sem mikið hefur verið höfð á orði en minna skilað sér á borði. Það verður að teljast óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir því, að verkalýðsfélögin og vinnuveitendur semji um það fyrirkomulag sem þessir aðilar telja þjóna best hagsmunum sinna umbjóðenda.

Þá verður einnig að teljast óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir þeirri þróun, sem þegar er hafin og augljóst er að verður í vaxandi mæli, hvort sem stjórnvöldum líkar það betur eða verr.

Með það í huga að flýta fyrir að þessi eðlilega þróun nái fram að ganga er frv. þetta flutt.

Fylgiskjal.

Niðurstöðutölur innborgaðs orlofsfjár á öllu landinu orlofsárið 1. maí 1980 til 30. maí 1981:

Reykjavík	kr. 87 271 387,43
Reykjanes	— 12 442 741,00
Vesturland	— 5 428 990,98
Vestfirðir	— 9 373 861,87
Norðurland vestra	— 2 394 892,16
Norðurland eystra	— 13 231 656,61
Austurland	— 6 619 645,09
Suðurland	— 4 322 591,23

Samtals kr. 141 085 766,37